

## NaNO Fréttabréf – Desember 2014 og janúar 2015

### Gleðilegt ár!

#### Hvað höfum við gert í nóvember og desember?

Héldum samráðsfund stefnumótandi aðila um eflingu náttúrufræðimenntunar 17. nóvember sl. Við sendum boð til MRN, bakhóps GERT verkefnisins, nokkurra aðila vinnumarkaðar auk samstarfsfólks innan HÍ. Markmiðið var að kalla saman fólk sem hefur áhuga á málaflokknum, ræða hvað sé í deiglu og leita eftir hugmyndum um mögulegt samráð í náinni framtíð. Á fundinn komu fulltrúar MVS, VoN, Vísindasmiðjunnar, Klífsins, Námsgagnastofnunar, SÍS (samband íslenskra sveitarfélaga), FNF (félag kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt), fagraðs um símenntun og starfsþróun kennara og Náttúruminjasafns Íslands. Miklar og þarfar umræður um stöðu og stefnu náttúrufræðimenntunar mynduðust. Fundarmenn voru ánægðir og var lögð áhersla á mikilvægi þess að halda umræðunni á lofti.

NaNO verkefnið undir nafni MVS HÍ tók á móti styrk frá Vinum Vatnajökuls til námsefnisgerðar upp á 450 þúsund kr. við hátíðlega athöfn á Hótel Natura þann 1. desember sl. [Frétt mbl.is um úthlutunina má sjá hér.](#)

Tókum þátt í Kennsluþingi VoN 7. nóvember sl. þar sem umræður og erindi um stöðu stærðfræðimenntunar voru efst á baugi.

Þriðju og fjórðu menntabúðir vetrarins voru haldnar. Guðmundur Grétar Karlsson frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja leiddi hóp kennara í vinnu um viðfangsefnið *Hvað er góð verkleg æfing?* í Foldaskóla 13. nóv. sl. Í Fjölbrautaskóla Suðurlands – og í gegnum Adobe Connect – voru menntabúðir undir heitinu *Að vekja áhuga nemenda á náttúruvísindum* þann 18. nóv. sl. Nánari upplýsingar á [menntabudir.natturutorg.is](http://menntabudir.natturutorg.is).

Náttúrufræðikennarar á Vesturlandi hittust á samráðsfundi 20. nóvember sl. í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Einnig var tekið þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Stefnt er að reglulegum fundum, næst í lok janúar.

Við sáum um námskeið fyrir kennara úr Kvennaskólanum og úr framhaldsskóla í Eistlandi hins vegar um kennsluhætti á nýrri öld í takt við sjálfbærni þann 7. nóv. sl. Námskeiðið tókst vel og voru kennararnir sérstaklega ánægðir og óskuðu þau úr Kvennaskólanum eftir frekara samstarfi á næstunni.

Sóttum námskeið um gerð árangursríka styrkumsókna á vegum Rannís þann 6. nóvember. Það mun vonandi nýtast við næstu styrkumsóknir.

Námskeiðið *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Staðlota um líftækni var 24. nóv. og fór hún fram hjá ORF líftækni. Þátttakendur fengu meðal annars kynnst starfsemi ORF og þeim möguleikum sem líftækni hefur uppá að bjóða í nútímasamfélagi. Nánar má lesa um námskeiðið á [natturutorg.is/nanonamskeid](http://natturutorg.is/nanonamskeid).

Lokahönd var lögð á undirbúning endurmenntunarnámskeiðs grunnskólakennara í Garðabæ sem hefst 13. janúar. Þrjátíu og þrjár starfandi kennarar eru skráðir á námskeiðið sem snýr að náttúrufræðimenntun.

Við fórum á upphafsfund norræns samstarfs um Biophilia kennsluverkefnið sem haldinn var í Hörpu 13. nóvember með fleirum frá sviðinu.

Unnið var að undirbúningi Legó keppinnar í samstarfið við VoN. Keppnin verður haldin í Háskólabíói 31. jan. nk. Sjá nánar á [firstlego.is](http://firstlego.is).

Unnið var að undirbúningi málsþings um náttúrufræðimenntun sem RAUN heldur 17.-18. apríl 2015. [Sjá hér.](#)

### **Hvað er framundan?**

Ljúka við mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* og birta skýrslu.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennsluhugmyndir í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum. Stefnt er að því að fá til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.

Vinna áfram að námskeiðinu *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* sem stendur grunnskólakennurum til boða í vetur.

Vinna að endurmenntunarnámskeiði grunnskólakennara í Garðabæ.

Vinna að málþingi um náttúrufræðimenntun sem haldið verður í apríl 2015.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmælisjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla og Vinum Vatnajökuls.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

**NaNO**  
Náttúruvísindi á nýrri öld